

Stutt við námsorðaforða

Leiðbeiningar með glærunum á heimasíðu MML

Stundum halda uppalendur að verið sé að biðja þau um að sitja yfir námsbókum með börnum sínum og kenna þeim. En það er ekki markmiðið hér, enda eru aðstæður á heimilum oft þannig að verkefni eru mörg, mikið um að vera og áhugamál barnanna oft tengd skjánotkun. Sum börn hafa mikla skipulagða dagskrá í sínum frístundum og leita í skjáinn til að hvíla hugann.

Gamaldags hugmyndir um nám eru því ólíklegar til þess að verða jákvæð upplifun heima fyrir. Þessi kynning fjallar um hvernig hægt er að styðja við námsorðaforða stærðfræði í daglegu lífi án þess að það verði íþyngjandi.

Stærðfræði og heimilið



Námsorðaforði er ekki mælikvarði á hvað fólk kann í tungumáli. Námsorðaforði heyrir sjaldan í samtölum en kemur oft fyrir í ritmáli. Hversu vel fólk gengur að skilja ritað mál tengist skilningi á námsorðaforða.

Það er mjög ólíklegt að námsorðaforði sé mikið notaður á heimili barnsins nema uppalendur passi sérstaklega upp á það. Lykillinn felst í að vera meðvitaður um hvað námsorðaforði er og nota hann markvisst í samtölum og samveru með börnunum. Til dæmis í bílferðum, þegar hlustað er á tónlist, á matmálistíma, þegar húsverk eru unnin, þegar horft er á skjáefni saman og fyrir háttatíma.

Lagskipting orðaforða



Námsorðaforði

- Lag 1: Almenn orð sem koma oft fyrir í daglegum samtölum. Börn eru hlæg til þess að læra orðin snemma þar sem þau heyrast oft.

- Lag 2: Millilagið. Mikilvægur orðaforði sem sást yfirleitt bara í ritmáli. Börn læra þessum orðaforða yfirleitt ekki fyrr en þau eru farið að lesa af ráði. Millilagsorðaforðinn ræður mikið um leskilling.

- Lag 3: Sérstakur og afmarkaður orðaforði. Tengist tilteknu viðfangsefni eða fræðigrein. Heyrir sjáðan í samtölum.

MML

Reykjavík



Námsorðaforði í stærðfræði er undirstaða fyrir flestar námsgreinar þar sem hann gengur út á að lýsa heiminum í kringum okkur. Við notum t.d. orðaforða stærðfræði til þess að bera sama hluti úr daglegu lífi og setja í samhengi. Það eru ótal lýsingarorð sem lýsa stærðum á einhvern hátt og þetta eru allt gagnleg orð sem nemendur verða að hafa á valdi sínu til að ráða við námsefni.



Að telja upp og niður er undirstaða þess að geta skilið stærðir. Þetta er einfalt að æfa t.d. þegar gengið er upp og niður tröppur, þegar talið er ofan í innkaupakörfunu eða þegar borðspil eru spiluð.



Hver eru áhugamál barnsins? eru mögulega tækifæri til þess að eiga samtöl um fjölda og magn í tengslum við áhugamálin? Íþróttir, bakstur, tölvuleikir og tónlist eru allt áhugamál sem eru nátengd einhvers konar mælanlegum stærðum. Hver hljóp hraðast? Hversu hratt hljóp hún?



Stærðir án mælieininga eru bara tölur. Það er mjög mikilvægt að börn læri að þekkja orð yfir mælieiningar og skilji hvað þær eiga að mæla. Eftir því sem barn heyrir orð notað oftar og í fjölbreyttum aðstæðum er líkleggra að barnið læri merkingu orðsins. Það getur verið skemmtilegur leikur að spyrja barn hvort það geti lýst hvað hlutur er þungur. Eða hvort er þyngra, tonn eða kílógramm? Hvað gæti verið jafn þungt og eitt tonn? Hvað gæti verið jafn þungt og eitt kíló? Hvers konar verkfæri getum við notað til þess að mæla hvað hlutir eru þungir, eða langir, eða fljótir?



Flokkun skiptir miklu máli fyrir alla rökhugsun. Það er einfalt að æfa flokkun með því að horfa á hóp af einhverju t.d. dýrum og spá í einkenni þeirra. T.d. hvað eru margir hundar á myndinni? En kettir? En hvað eru mörg dýr? Hvað eru mörg einlit dýr? En einlitir hundar?



Lögun og mynstur eru grunnur í stærðfræði. Að veita ólíkum formum athygli og að setja orð á lögun hluta getur vafist fyrir börnum upp alla skólagönguna. Því er mikilvægt að þjálfá þennan orðaforða heima fyrir og æfa orðin þegar þau koma fyrir. Ef það þarf að mála heimilið er kjörið að biðja um hjálp við að mæla fyrir og reikna út hve mikla málningu þarf að kaupa.



Að segja skipulega frá er færni sem þarf að þjálfá. Það skiptir miklu máli að börn fái ótal tækifæri til þess að segja frá einhverju sem þau gera á hverjum degi og þekkja vel. Hér er tekið dæmi úr daglegu lífi. Allra mestu máli skiptir að hlusta á barnið á virkan hátt. Ef barn notar mjög einhæfan orðaforða svo sem " ... og svo og svo og svo ..." er hægt að endurtaka það sem barnið sagði með öðru orðalagi "Næst seturðu tannkremið?"

Leiðarlýsingar og ýmis konar leiðbeiningar eru frábær leið til þess að þjálfá lýsandi orð og hugtök.



Það er ekki þannig að annað hvort skilji maður tungumál eða ekki. Það má alveg lýsa orðskilningi sem ferðalagi. Ferðalagið hefst í fyrsta skipti sem maður heyrir orð, svo fer maður að þekkja orðið án þess að skilja hvað það þýðir, stundum myndar maður sér hugmyndir um merkingu orðsins út frá samhengi og það er ekki fyrr en maður getur útskýrt merkingu orðsins að hægt er að segja að maður skilji orðið til fulls. Málþroski er ferli sem á sér stað alla ævi. Eftir því sem við heyrum orð oftast því líkleggra er að við náum tökum á því. Það skiptir því miklu máli að börn heyri fjölbreyttan orðaforða og að þau séu ekki í einhæfu málumhverfi þar sem allir nota sömu orðin aftur og aftur.



Þegar verja tíma í mörgum tungumálum er mikilvægt að hafa í huga að jákvætt hugarfar gagnvart öllum tungumálum barnsins, líka skólamálinu, skiptir miklu máli fyrir líðan þess og sjálfsmynd. Öll tungumál barnsins eru eign barnsins. Það skiptir máli að eiga gæðastundir með börnum og tala við þau.

Það skiptir ekki öllu máli á hvaða tungumáli barnið nær tókum á orðum og hugtökum fyrst. Flókin hugtök verða einföld þegar maður kann þau á fleiri tungumálum.

